



Minnisblað - uppfærðar innkaupareglur

Á árinu 2019-2020 fór fram endurskoðun á innkaupareglum og innkaupastefnu Ísafjarðarbæjar, en reglurnar byggja að miklu leyti á fyrirmynd innkaupareglna Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 2019. Í september 2020 voru nýjar innkaupareglur samþykktar af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá; nýtt starf innkaupa- og tæknistjóra þróast og mótast á tímanum, frekari samvinna verið í innkaupum milli sviða og starfsmanna og forstöðumenn meira meðvitaðir um skyldu sína til að versla eftir rammamatchingum, fara í útboð og verðfyrirspurnir og leita bestu tilboða við einstök innkaup.

Hefur það leitt í ljós að komin er tími til uppfærslu innkaupareglna Ísafjarðarbæjar, og eru nú lagðar fram tillögur að efnislegum breytingum á nokkrum ákvæðum.

Lagt er til að breyta 8. gr. á þann hátt að skýra betur hlutverk innkaupa- og tæknistjóra. Talið er fara betur að því að setning markmiða og mælikvarða við innkaup, sérstaklega nýjungar/breytingar, skulu ekki vera á hans forræði einu, heldur skal leitast við að það sé unnið í sameiningu með viðkomandi sviðsstjóra og/eða forstöðumanni allt eftir því hvaða verkefni á undir á hverjum tíma. Í fyrirmynd Sambandsins er lagt til að sk. *innkauparáð* fari með þetta hlutverk, skipað af bæjarstjóra og sviðsstjórum. Á sama hátt hefur innkaupastjóri ekki heimildir til beins eftirlits um innkaup annarra starfsmanna, en skal þó, verði hann var við að stefnu, reglum eða lögum sé ekki fylgt, að gera sviðsstjóra og/eða bæjarstjóra viðvart. Er það jafnframt í samræmi við fyrirmynd Sambandsins.

18. gr. reglnanna taka breytingum í samræmi við þetta, um sameiginlega ábyrgð sviðsstjóra og innkaupastjóra um markmið og mælikvarða í innkaupum.

Í breytingum á 8. gr. er jafnframt lagt til að skerpa á hlutverki innkaupastjóra sem verkefnastjóra varðandi sameiginleg innkaup, stærri verðfyrirspurnir og útboð, og hefur sterka aðkomu að þess konar verkefnum, en einstök kaup á vöru eða þjónustu fari fram hjá viðkomandi sviðsstjóra/forstöðumanni sjálfum. Innkaupastjóri er vitanlega til ráðgjafar og aðstoðar, en sér ekki um öll innkaup fyrir alla starfsmenn.

Þá er talið tilefni til að bæta verðkönnun inn í 11. gr. reglnanna, en sú aðferð hefur verið nýtt við einstök kaup sem falla utan rammamatchinga. Fyrirmynd Sambandsins tekur ekki á þessu, en mikilvægt er þó að skerpa á því að gera eigi verðkönnun á einstökum vörum/þjónustu, til að gæta gegnsæis í innkaupum og til að gæta þess að sveitarfélagið leiti alltaf eftir besta verði á samkeppnismarkaði.

Þá er lagt til að viðmiðunarfjárhæðir 12. gr. falli út. Um er að ræða verð sem breytast árlega í samræmi við reglugerðir. Fremur ætti að vísa til viðkomandi laga og afleiddra reglugerða, en að hafa óuppfærðar fjárhæðir inni í reglum.

Í núgildandi 12. gr. reglnanna segir að bæjarráð skuli staðfesti alla innkaupasamninga, þ.e. verksamninga, vörukaup og þjónustusamninga. Lagt er til að þessu ákvæði verði breytt á þann veg að staðfestingu bæjarráðs þurfi fari innkaup yfir útboðsskyldumörk, í stað ákveðinnar fjárhæðar eins og nú er, sbr. rökstuðning að ofan. Fremur skuli vísa til útboðsskyldumarka skv. reglugerð, þó með þeim breytingum þó að þjónustusamningar fylgi

sömu mörkum, en ekki skv. útboðsskyldu þeirra, sem eru mun hærri (ca. 58 m.kr). Í dag myndu þá allir samningar fara fyrir bæjarráð sem eru um 18,5 m.kr. að andvirði.

Síðasta málsgrein 12. gr. er svo skýrð frekar til að skerpa á samhengi við verð viðauka, skv. reglum sveitarfélagsins, ef innkaup eru ekki á áætlun ársins, eða taka til næsta ár/næstu ára á eftir.

Aðrar tillagðar breytingar eru minniháttar.